

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjálín  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 4. maí 2016  
UST201604-120/B.S.  
10.04.03


### Efni: Deiliskipulag - breyting - Hótel Laxá. Umsögn


Vísað er til bréfs byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahrepps dags. 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á deiliskipulagi sem felst í stækkun lóðar og byggingarreits Hótel Laxár.

Í ljósi hins alvarlega ástand lífríkis Mývatns telur Umhverfisstofnun brýnt eins og gert er í umræddri breytingu á deiliskipulagi að gera kröfur um frekari hreinsun skólps sem berst frá starfseminni. Umhverfisstofnun telur að tryggja þurfi að slíkur búnaður virki eins og til er ætlast.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að beina frekari uppbyggingu ferðaþjónustu fjær vatninu en gert hefur verið til þessa. Stofnunin telur að við gerð skipulags við Mývatn þurfi að leitast við að skipuleggja byggð með þeim hætti að ekki skapist frekara álag á þjóðveginn sunnan við vatnið vegna aukinnar umferðar gangandi fólks á veginum.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur